

SAMRUNASKRÁ

VEGNA KAUPA ARCTIC ADVENTURES HF. Á ST HOLDING EHF.

10. júní 2024

EFNISYFIRLIT

1	Inngangur.....	3
2	Grunnupplýsingar um samrunaaðila	4
2.1	Almennt.....	4
2.2	Nánar um starfsemi samrunaaðila	4
2.2.1	Starfsemi Arctic Adventures	4
2.2.2	Starfsemi ST Holding ehf.	7
3	Upplýsingar um samrunann.....	8
3.1	Aðdragandi, markmið og mögulegur ávinningur samrunans.....	8
3.2	Eðli samrunans	8
3.3	Atvinnuvegir sem samruninn nær til	8
3.4	Velta samrunaaðila.....	8
4	Eignarhald og yfirlit	9
5	Stjórnir og framkvæmdastjórnir samrunaaðila	9
6	Skilgreiningar á mörkuðum	10
6.1	Viðeigandi vöru- og þjónustumarkaðir	10
6.1.1	Inngangur.....	10
6.1.2	Almennt um virðisbætur ferðaþjónustu.....	10
6.1.3	Markaður fyrir sölu og framkvæmd á skipulögðum ferðum á Íslandi	11
6.1.4	Markaður fyrir rekstur sölutorgs fyrir skipulagðar ferðir	14
6.1.5	Niðurlag.....	15
6.2	Landfræðilegur markaður	15
6.3	Markaðir þar sem áhrifa gættir ekki	16
7	Upplýsingar um þann markaði þar sem áhrifa samrunans gættir	16
7.1	Markaður fyrir sölu og framkvæmd á skipulögðum ferðum	16
8	Samkeppnisleg áhrif samrunans	19
9	Áhrif á neytendur og milliliði.....	19
10	Fylgiskjöl.....	19

1 Inngangur

1. Samrunaskrá þessi varðar kaup Arctic Adventures hf., kt. 681216-0730, Köllunarklettsvegi 2, 104 Reykjavík (hér eftir „**Arctic Adventures**“) á öllu hlutafé ST Holding ehf., kt. 610116-1750, Grandagarði 16, 101 Reykjavík (hér eftir „**ST Holding**“).
2. Í aðdraganda þess að samruni þessi var formlega tilkynntur var hann kynntur fyrir Samkeppniseftirlitinu á grundvelli 4. gr. reglna nr. 1390/2020 um tilkynningar og málsmeðferð í samrunamálum. Samrunaaðilar og tengiliður samrunaaðila hafa í framhaldinu átt í samskiptum við Samkeppniseftirlitið og hefur verið höfð hliðsjón af frumathugasemdum Samkeppniseftirlitsins við gerð samrunaskrár þessarar.
3. Með kaupsamningi, dags. 31. maí 2024, á milli Arctic Adventures, sem kaupanda, og félaganna Gnógur – Masada ehf., Landsbréf Icelandic Tourism Fund I slhf., Við fjöruborðið ehf. Castor ehf. og Rex Capital ehf., sem seljenda (hér eftir „**kaupsamningurinn**“) (**fylgiskjal 1**), skuldbatt Arctic Adventures sig til að kaupa 100% hlutafjár í ST Holding. Kaupsamningurinn er m.a. háður þeim fyrirvara að samkeppnisyfirvöld heimili samrunann, sbr. 2. gr. kaupsamningsins.
4. Veltuskilyrði 1. mgr. 17. gr. a. samkeppnislaga nr. 44/2005 (hér eftir „**samkeppnislög**“) eru uppfyllt, sbr. umfjöllun í kafla 3.4, og því um tilkynningarskyldan samruna að ræða.
5. Tilkynnt er um samrunann með svokallaðri styttri tilkynningu, sbr. 6. mgr. 17. gr. a. samkeppnislaga og 10. gr. reglna um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum nr. 1390/2020, með síðari breytingum. Er það mat samrunaaðila að b. liður téðrar greinar samkeppnislaga eigi hér við þar sem sameiginleg markaðshlutdeild samrunaaðila á meginmarkaði málsins þar sem áhrifa gætir er lægri en 20%. Samrunaskrá þessi felur þó í sér ítarlegri og víðtækari upplýsingagjöf en krafist er á grundvelli viðauka II reglna nr. 1390/2020 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum.
6. Í ljósi takmarkaðrar markaðshlutdeildar á þeim markaði þar sem áhrifa samrunans gætir er það mat samrunaaðilar að samruninn komi til með að hafa verulega takmörkuð eða engin áhrif á samkeppni og að samruninn skuli samþykktur án íhlutunar.
7. Tengiliður samrunaaðila gagnvart Samkeppniseftirlitinu er Vilhjálmur Herrera Þórisson, lögmaður hjá LOGOS lögmannsþjónustu, Efstaleiti 5, 103 Reykjavík. Skriflegt umboð til handa framangreindum má finna í viðauka 1 við samrunaskrá þessa.
8. Skrá þessari er eingöngu ætlað að vera til afnota fyrir Samkeppniseftirlitið og eru tilteknar upplýsingar sem hér koma fram merktar sem trúnaðarmál. Til samræmis við framangreint er óskað eftir því að farið verði með þær upplýsingar sem í skrá þessari koma fram og eru skáletraðar og innan hornklofa sem **trúnaðarmál**, sbr. 17. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993 og 2. mgr. 16. gr. reglna um málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins nr. 880/2005, þar sem um er að ræða viðkvæmar viðskiptaupplýsingar.

2 Grunnupplýsingar um samrunaaðila

2.1 Almennt

9. Aðilar samrunans eru:

- a. Arctic Adventures hf., kt. 681216-0730, Köllunarklettsvegi 2, 104 Reykjavík („**Arctic Adventures**“); og
- b. ST Holding ehf., kt. 610116-1750, Grandagarði 16, 101 Reykjavík („**ST Holding**“)

(saman verður vísað til framangreindra félaga í sameiningu sem „**samrunaaðila**“).

10. Meginstarfsemi samrunaaðila er í báðum tilvikum skipulagning ferða og sala á afþreyingu til ferðamanna á Íslandi. Um aðra tilfallandi starfsemi og önnur félög innan samstæða hvors samrunaaðila um sig vísast til umfjöllunar í næsta kafla (2.2).

2.2 Nánar um starfsemi samrunaaðila

2.2.1 Starfsemi Arctic Adventures

11. Sögu Arctic Adventures má rekja aftur til Straumhvarfs hf., sem hóf sölu flúðasiglinga í Þjórsá í kringum árið 1983 og síðar í Hvítá. Hefur félagið síðan þá vaxið með því að bæta við sig fleiri afþreyingarmöguleikum, bæði með því að stofna til nýrra ferða og með kaupum á smærri aðilum sem boðið hafa upp á skipulagðar ferðir á Íslandi. Eru slíkir afþreyingarmöguleikar nú boðnir af Arctic Adventures og dótturfélögum félagsins. Meginstarfsemi Arctic Adventures felst því samantekið í skipulagningu ferða og afþreyingar á Íslandi fyrir ferðamenn, og fer sú starfsemi fram um allt land. Skrifstofur og starfsstöð félagsins er í Reykjavík en félagið býður þó ekki upp á skipulagðar ferðir innan höfuðborgarsvæðisins.

12. Eignarhald móðurfélagsins, Arctic Adventures hf., skiptist milli hluthafa félagsins með eftirfarandi hætti:

Eignarhluti (%)	Félag
37,17%	Stoðir hf.
20,42%	Icelandic Tourism Fund slhf.
15,89%	FREYJA Framtakssjóður slhf.
8,81%	JTG ehf.
8,49%	Numinous hf.
2,53%	Landsbréf – Öndvegisbréf hs.
2,53%	Landsbréf – Úrvalsbréf hs.
1,31%	Kristinn ehf.
1,31%	Bjarnar Invest ehf.
1,52%	Aðrir hluthafar (fimm talsins)

13. Eiginlegur rekstur og starfsemi Arctic Adventures samstæðunnar fer fram í dótturfélögunum, sem bjóða upp á vítt úrval skipulagðra ferða og afþreyingu sem miðuð er að ferðamönnum á Íslandi, að undanskildum þeim félögum sem snúa að rekstri móðurfélagsins eða sinna engri starfsemi.
14. Til skýringar er eignarhald Arctic Adventures í öðrum félögum, beint eða í gegnum önnur félög, útlistað í meðfylgjandi töflu.¹

Eignarhluti	Félag	Eignartengsl
100%	Arctic Adventure Travel Tech ehf.	
100%	Into the Glacier ehf.	
100%	Arctic Rekstur ehf.*	
100%	Arctic Properties ehf.*	
100%	Arctic K2 ehf.*	<i>Arctic Properties ehf.</i>
100%	Arctic Circle Hotels ehf.	
100%	Adventure Hotels ehf.	
100%	Straumhvarf ehf.	
100%	Magmadive ehf.*	<i>Straumhvarf ehf.</i>
100%	Arctic Adventure Services ehf.*	
100%	ITG fasteignir ehf.*	<i>Into the glacier ehf.</i>
100%	Sporaslóð ehf.*	
100%	Fjallkirkjan ehf.*	
100%	Kerfélagið ehf.	
79,17%	Raufarhóll ehf.	
98% ²	Óbyggðasetur ehf.	
65,12%	Snowmobile ehf.	<i>Straumhvarf ehf.</i>
50%	South East ehf.	<i>Straumhvarf ehf.</i>
50%	JJ34 ehf.	

15. Starfsemi þeirra félaga sem eru undir yfirráðum Arctic Adventures og sinna þjónustu sem snýr að ferðarþjónustu á Íslandi er sem hér segir:

Félag	Starfsemi
Adventure Travel Tech ehf.	Hugbúnaðargerð.
Into the Glacier ehf.	Rekstur og uppbygging ísganga á Langjökli. Félagið býður upp á skipulagðar ferðir þar sem ferðamönnum gefst kostur á því að skoða íshelli og aðra aðstöðu sem byggð hefur verið í jöklinum.
Arctic Circle Hotels ehf.	Fasteignafélag sem heldur utan um hóteleignir félagsins.
Adventure Hotels ehf.	Megintilgangur félagsins er rekstur hótela og gistihúsa, en félagið keypti Hof 1 í Öræfum, í sveitarfélaginu Hornafirði, í mars 2017 og

¹ Þau félög sem engin raunveruleg starfsemi á sér stað í, eða snúa alfarið að rekstri móðurfélagsins, eru stjórnumerkt.

² Bæði beint og óbeint í gegnum Sporaslóð ehf. og Fjallkirkjuna ehf.

	Geirland í Skaftárhreppi í nóvember 2017 sbr. tilkynningu til Samkeppniseftirlits þar um dags. 4. desember 2017 og ákvörðun Samkeppniseftirlitsins frá 22. janúar 2018 í máli nr. 3/2018. Því til viðbótar hefur félagið rekið Hótel Hellissand á Snæfellsnesi frá árinu 2023.
Straumhvarf ehf.	Afþreyingar- og ævintýraferðir víðsvegar um landið, einkum fyrir erlenda ferðamenn. Meginstarfsemi Straumhvarfs felst í framkvæmd ferða sem byggir á afþreyingu í einn dag, eða hluta úr degi, og ferðum með gistingu sem taki frá tveimur og upp í sjö daga. Helstu afþreyingarnar eru gönguferðir, jöklaganga, norðurljósaferðir, ferðir um gullna hringinn, köfun með snorklu og hellaferðir. Ferðir með gistingu eru hringferðir um Ísland eða hluta landsins svo sem ferðir um Vesturland og Suðurland. Félagið býður ekki upp á afþreyingar- og ævintýraferðir innan höfuðborgarsvæðisins.
Sporaslóð ehf.	Eignarhaldsfélag um Óbyggðasetrið.
Fjallkirkjan ehf.	Eignarhaldsfélag um Óbyggðasetrið.
Kerfélagið ehf.	Eignarhald og rekstur á Kerinu í Grímsnesi.
Raufarhóll ehf.	Ferðaþjónustufyrirtæki sem hóf rekstur á árinu 2016 og býður skipulagðar hellaferðir um Raufarhólshelli sem staðsettur er í Þrengslum á milli Reykjavíkur og Þorlákshafnar.
Óbyggðasetur ehf.	Starfrækt í Norðurdal í Fljótsdal þar sem aðaláhersla er á sýningar fyrir ferðamenn um óbyggðir og líf í jaðri þeirra. Auk þess býður félagið viðskiptavinum upp á skipulagðar göngu- og hestaferðir á Austurlandi. Félagið býður einnig upp á gistingu í húsnæði sínu í Fljótsdal, auk veitinga.
Snowmobile ehf.	Snjósleðaferðir undir óskráðu vörumerki Snowmobile Tours á suðurhluta Langjökuls.
South East ehf.	Ferðaleiðsögn og akstur með ferðamenn í Vatnajökulspjóðgarði og nágrenni. Í

	starfsemi sinni einblínir félagið á minni hópa og einkaferðir, en félagið hefur þrjá bíla í umráðum sínum.
JJ34 ehf.	Rekstur ferðaþjónustufyrirtækisins <i>Your day tours</i> , sem býður upp á dagsferðir fyrir minni hópa á Suður- og Vesturlandi.

2.2.2 Starfsemi ST Holding ehf.

16. ST Holding er eignarhaldsfélag sem stofnað var árið 2016. Félagið á eignarhlut í fimm félögum sem öll sinna ferðaþjónustu með beinum hætti eða ferðaþjónustutengdri starfsemi.
17. Félagið var stofnað í kringum kaup á ferðaþjónustufyrirtækinu Special Tours ehf. („**Special Tours**“), sem hefur verið í 100% eigu félagsins síðan árið 2016.
18. Special Tours hóf starfsemi sína árið 1996 og var áherslan lögð á siglingarferðir frá Reykjavík, annars vegar lundaskoðunarferðir og hins vegar skólaferðir. Árið 2010 höfðu orðið eigendaskipti að félaginu og festi félagið kaup á nýjum bát og hóf að bjóða upp á hvalaskoðun. Tveimur árum síðar var félagið Hvalalíf keypt ásamt öðrum báti sem notaður var til hvalaskoðunar. Árið 2013 fór félagið að bjóða upp á svokallaðar norðurljósaferðir á sjó, bæði til þess að auka þjónustuframboð en einnig til að minnka árstíðarsveiflur í tekjum.
19. Ofangreind þjónusta er enn kjarninn í starfsemi Special Tours þó þjónustuframboð hafi aukist lítillega í gegnum dótturfélög félagsins. Þannig felst starfsemi félagsins í dag í hvalaskoðun, RIB bátaferðum, fuglaskoðun á bát og tengdri starfsemi, en auk þess starfa dótturfélög ST Holding m.a. við rekstur hvalasafns og veitingarekstur.
20. Félög í eigu ST Holding, til viðbótar við Special Tours, eru eftirfarandi:
 - a. Whales of Iceland ehf. er hvalaskoðunarsafn við Fiskislóð 23-25, 101 Reykjavík. Á safninu má finna 23 hvalalíkönn af ýmsum hvaltegundum sem hafa fundist í íslensku hafi og kvikmyndasafn. Félagið er í 100% eigu Special Tours.
 - b. Reykjavík Röst Bistro ehf. rekur kaffihús/bar við Geirsgötu 5, 101 Reykjavík við gömlu höfnina í Reykjavík. Kaffihúsið var opnað sumarið 2017 og er staðsett nálægt miðasöluáðstöðu Special Tours að Geirsgötu 11, 101 Reykjavík. Félagið er í 100% eigu Special Tours.
 - c. Reykjavík Sailors ehf. sinnir heild- og smásölu skipulagðra siglingaferða í afþreyingaskyni til ferðamanna. Special Tours kemur ekki að daglegum rekstri félagsins en samstarfssamningur er þeirra á milli um siglingar. Special Tours hefur átt 50% hlut í félaginu frá árinu 2018.

- d. Lundey - Náttúruferðir ehf. ("**Lundey**") sinnir heild- og smásölu skipulagðra siglingaferða á tveimur RIB bátum í eigu félagsins. RIB báturinn Dagmar, sem var áður í eigu Special Tours, var seldur til Lundeyjar árið 2019 og var báturinn Katla keyptur ásamt vörumerki o.fl. í árslok 2022. Félagið er í 50% eigu Special Tours.

21. Sjá nánar um starfsemi Special Tours á vefsíðu félagsins: <https://specialtours.is/>

3 Upplýsingar um samrunann

3.1 Aðdragandi, markmið og mögulegur ávinningur samrunans

22. ST Holding var sett í sölufarli undir stjórn Fyrirtækjaráðgjafar Landsbankans hf. sem annaðist samskipti og upplýsingagjöf til þeirra sem tóku þátt í sölufarlinu. [...]³
23. Sama dag var skrifað undir samkomulag um meginskilmála kaupanna sem fjallaði um þau skilyrði og skilmála sem samrunaaðilar höfðu komið sér saman um. Var kaupsamningur að lokum undirritaður, líkt og áður hefur verið greint frá. Er kaupverðið fyrir alla hluti í ST Holding [...]⁴

24. [...]⁵

3.2 Eðli samrunans

25. Viðskiptin fela í sér að Arctic Adventures kaupir allt hlutfé félagsins ST Holding. Með vísan til umfjöllunar um starfsemi samrunaaðila í kafla 2.2 hér að framan er um láréttan samruna að ræða að ræða, enda starfa samrunaaðilar á sama samkeppnismarkaði.
26. Í kjölfar hins fyrirhugaða samruna kemur Arctic Adventures til með að fara eitt með yfirráð í ST Holding. Er því um samruna að ræða í skilningi 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga.

27. [...]⁶

3.3 Atvinnuvegir sem samruninn nær til

28. Samruninn nær einkum til ferðapjónustu á Íslandi, þ.m.t. starfsemi ferðaskrifstofa (ÍSAT nr. 79.11.0) og ferðaskipuleggjenda (ÍSAT nr. 79.12.00).

3.4 Velta samrunaaðila

29. Velta samrunaaðilar var sem hér segir árið 2023:

Samrunaaðili	Velta 2023
Arctic Adventures (á samstæðugrunni)	7.165 ma. kr.

³ TRÚNAÐARMÁL

⁴ TRÚNAÐARMÁL

⁵ TRÚNAÐARMÁL

⁶ TRÚNAÐARMÁL

ST Holding (á samstæðugrunni)	1.243 ma. kr.
<i>Samtals</i>	<i>8.408 ma. kr.</i>

30. Um veltu einstakra dótturfélaga vísast til ársreikninga félaganna, sem finna má í fylgiskjöllum 2-26.

31. [...] ⁷

4 Eignarhald og yferráð

32. Um eignarhald og yferráð samrunaaðila vísast til umfjöllunar hér að framan, sbr. einkum mgr. 3 (þar sem seljendur eru tilgreindir) og mgr. 12 (hluthafar Arctic Adventures) hér að framan.

5 Stjórnir og framkvæmdastjórar samrunaaðila

33. Framkvæmdastjóri Arctic Adventures er Jóhann Ásgeir Baldurs, kt. 171172-5439. Í stjórn félagsins sitja:

- a. Lárus Welding, kt. 111276-4399, stjórnarformaður.
- b. Alexander Jensen Hjálmarsson, kt. 090487-2999.
- c. Einar Pálmi Sigmundsson, kt. 160867-5079.
- d. Jón Þór Gunnarsson, kt. 141163-5319.
- e. Ólafur Jóhannsson, kt. 050676-4989.
- f. Arna Þorsteinsdóttir, kt. 081287-2449.

34. Um stjórnarskipan dótturfélaga Arctic Adventures vísast til ársreikninga sem fylgja með samrunaskrá þessari.

35. Snowmobile ehf., dótturfélag Arctic Adventures, keypti hluta reksturs Amazingtours ehf. fyrir áramót, sbr. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 47/2023.

36. Í stjórn ST Holding sitja:

- a. Eyþór Laxdal Arnalds, kt. 241164-3229, stjórnarformaður.
- b. Mikael Arnarson, kt. 290485-2749.
- c. Ólafur Jóhannsson, kt. 050676-4989.
- d. Atli Björn Þorbjörnsson, kt. 201276-3659 (varamaður).

37. Um stjórnarskipan dótturfélaga Arctic Adventures vísast til ársreikninga sem fylgja með samrunaskrá þessari.

⁷ TRÚNAÐARMÁL

6 Skilgreiningar á mörkuðum

6.1 Viðeigandi vöru- og þjónustumarkaðir

6.1.1 Inngangur

38. Samrunaaðilar líta svo á að ákvæði b. liðar 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga eigi við og því sé heimilt að tilkynna um samruna þennan með styttri tilkynningu. Felst í neðangreindri umfjöllun rökstuðningur fyrir því að samrunaaðilar telja skilyrði tilvitnaðs lagaákvæðis uppfyllt.
39. Samkvæmt viðauka II reglna nr. 1390/2020 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum skal lýsa þeim vöru- eða þjónustumörkuðum og landfræðilegu mörkuðum sem samruni hefur áhrif á í styttri samrunaskrá. Skal jafnframt rökstyðja mat á markaðshlutdeild samrunaaðila.
40. Skilgreining á vörumarkaði er svohljóðandi í reglum Samkeppniseftirlitsins um tilkynningu samruna nr. 1390/2020:

„Með viðkomandi vörumarkaði er átt við markað fyrir vörur og/eða þjónustu sem neytendur líta á sem staðgönguvörur eða staðgönguþjónustu vegna eiginleika sinna, verðs og áformaðrar notkunar.“

41. Samkeppniseftirlitið hefur áður fjallað um þá markaði sem samrunaaðilar starfa á. Verður því höfð hliðsjón af þeim markaðsskilgreiningum sem Samkeppniseftirlitið hefur lagt til grundvallar í framkvæmd sinni í eftirfarandi umfjöllun. Það athugast þó að í þeirri umfjöllun felst ekki afstaða samrunaaðila til réttmætis þeirra samrunaskilgreininga til framtíðar, enda kunna markaðsaðstæður að breytast með tilfallandi áhrifum á réttmæti þeirra markaðsskilgreininga sem lagðar hafa verið til grundvallar í framkvæmd.

6.1.2 Almenn um virðisbættu ferðaþjónustu

42. Virðisbættu ferðaþjónustu hefur í framkvæmd samkeppnisyfirvalda innan Evrópu verið talin eftirfarandi:
- Ferðaþjónustubirgjar (e. *travel suppliers*): sem eiga og/eða reka sjálfir undirliggjandi þjónustustarfsemi, s.s. flugfélög, rútufyrirtæki, bílaleigur, rekstraraðilar hótél- eða gisti, eða afþreyingarþjónustu o.s.frv.;
 - Ferðaskipuleggjendur (e. *tour operators*); sem búa til vörur á sviði ferðaþjónustu með því að kaupa einstaka þjónustupætti frá ferðaþjónustubirgjum og binda þá saman í ferðapakka;
 - Ferðaskrifstofur (e. *travel agencies*), sem dreifa ferðaþjónustu eða þjónustupökkum til viðskiptavina (hvort heldur sem er fyrirtækja eða ferðamanna).
43. Samrunaaðilar selja og framkvæma eigin ferðir í heildsölu og smásölu og gera engan greinarmun á milli slíkrar sölu. Þá er í boði á vefsíðum samrunaaðila vörur sem samanstanda af mismunandi vörum ferðaþjónustu, sem dæmi hvalaskoðun

og heimsókn í baðlón, og því mætti segja að samrunaaðilar starfi á öllum framangreindum þrepum virðis_keðjunnar. Er enginn greinarmunur gerður á slíku í rekstri félaganna, hvorki í starfseminni sem slíkri né bókhaldi þeirra. Má ætla að slíkt sé venjan í starfsemi sambærilegra fyrirtækja í ferðaþjónustu hérlendis.

44. Þannig er mikil skörun og bæði mikil bein samkeppni, sem og óbeint samkeppnislegt aðhald, á milli aðila sem annars teljist öllu jafna til mismunandi þrepa virðis_keðjunnar hér að ofan. Þá ber að líta til þess að neytendur gera almennt engan greinarmun á því á hvaða sviðum virðis_keðju fyrirtæki staðsetja sig.⁸ Telja samrunaaðilar því að engin rök standi með því að gera greinarmun þar á milli.

6.1.3 Markaður fyrir sölu og framkvæmd á skipulögðum ferðum á Íslandi

45. Samrunaaðilar starfa báðir við sölu og framkvæmd skipulagðra ferða og afþreyingar, beint að ferðamönnum, í heildsölu og smásölu. Þannig hafa Straumhvarf, Into the glacier, Raufarhóll, Óbyggðasetur, South East og JJ34, sem og Special Tours, Reykjavík Sailors og Lundey leyfi frá Ferðamálastofu sem ferðasalar dagsferða og ferðaskrifstofur og stunda að mismiklu marki þá starfsemi.
46. Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 24/2015, *Aðgerðir til að styrkja samkeppni í ferðaþjónustu – sátt við Samtök ferðaþjónustunnar vegna 12. gr., sbr. 10. gr. samkeppnislaga*, var lagt til grundvallar að ferðaskrifstofumarkaðurinn væri einn af fjórum grundvallar undirmörkuðum ferðaþjónustunnar.
47. Þar að auki framkvæma samrunaaðilar eigin ferðir að stærstum hluta sjálfir. Hér kemur því til skoðunar bæði heildsölumarkaður og smásölumarkaður í tengslum við skipulagðar ferðir. Heildsölumarkaður felst þannig í sölu á skipulögðum ferðum, þar á meðal á ýmissi afþreyingu, til ferðaskipuleggjenda, ferðaskrifstofa og annarra milligönguaðila sem bjóði aftur upp á skipulagðar ferðir, s.s. skoðunarferðir og rútupjónustu, sem samanstendur af þjónustu margra aðila. Smásölumarkaðurinn felst þá í því að selja skipulagðar ferðir beint til endanotenda, án milligöngu annarra.⁹
48. Í sumum tilvikum eru ferðir seldar milliliðalaust, en einnig eru þær seldar fyrir tilstilli milligönguaðila. Markaðurinn hefur þannig tekið stórfelldum breytingum á undanförunum árum, hvort sem um er að ræða sölu skipulagðra ferða í heildsölu eða smásölu, og þá einkum með hliðsjón af innkomu hinna ýmsu milligönguaðila. Þessi þróun hefur gert það að verkum að markaðurinn í heild sinni samanstendur af ýmsum aðilum, þar á meðal ferðaskipuleggjendum, ferðaskrifstofum, framkvæmdaraðilum og söluaðilum, einkum söluaðilum sem stunda starfsemi sína eingöngu á veraldarvefnum, sem taka þóknun fyrir.
49. Ferðamenn sem koma til landsins kaupa þannig ferðir og skipuleggja ferðir sínar að stærstum hluta í gegnum netið. Sýnileiki á sölusíðum er því grundvallaratriði í sölunni, auk sýnileika á netinu almennt. Má þar af leiðandi ætla að rök hnígi til

⁸ Sambærilegum rökum var varpað fram af samrunaaðilum í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins frá 12. júlí 2023 í máli nr. 23/2023, *Kaup Travel Connect hf. á Iceland Unlimited ehf.*

⁹ Sjá til hliðsjónar umfjöllun framkvæmdastjórnarinnar í máli nr. COMP/M.5996 THOMAS COOK/TRAVEL BUSINESS OF CO-OPERATIVE GROUP/TRAVEL BUSINESS OF MIDLANDS COOPERATIVE SOCIETY.

Þess að allir þessir aðilar tilheyri hinum eina og sama markaði, sem er markaðurinn fyrir sölu (og framkvæmd) á skipulögðum ferðum, hvort sem um smásölu eða heildsölu sé að ræða, sbr. einnig fyrri ákvarðanir Samkeppniseftirlitsins. Samkeppnin á sér því stað að mestu leyti á sölutorgum, en um þá starfsemi verður fjallað hér að neðan.

50. Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 12/2019 velti Samkeppniseftirlitið því upp að hugsanlega væri unnt að skipta markaði málsins niður í undirmarkaði sem tækju mið af eðli þeirrar afþreyingar sem var í boði eða hver framkvæmdi afþreyinguna, en ekki var talin ástæða til þess. Byggt á reynslu Arctic Adventures, sem hefur boðið upp á fjölbreytt framboð skipulagðra ferða um áraraðir, fer hinn almenni erlendi ferðamaður að meðaltali í þrjár dagsferðir á meðan hann dvelur á landinu, sumir í fleiri og sumir í færri. Áhugasvið kunna að ráða einhverju um það hvaða ferð eða afþreying er valin en oftast er ekki er það tilviljun ein sem ræður valinu. Ekki er hægt að greina það út frá aldri, uppruna gesta eða öðru sem snýr að ferðamanninum hvers konar afþreyingu þeir velja helst. Út frá eftirspurn verður þannig ekki séð að hægt sé að skipta afþreyingarmarkaði fyrir ferðamenn í undirmarkaði og ekki verður séð að það hafi verið gert í samrunaaðkvörðunum erlendra samkeppnisyfirvalda. Samrunaaðilar telja því ekki rétt að skipta mörkuðum þessa máls frekar í undirmarkaði eftir því hvers eðlis afþreyingin er.
51. Samrunaaðilar framkvæma að stórum hluta þá afþreyingu sem seld er eins og áður segir. Sú framkvæmd er þó ekki nema að mjög takmörkuðu leyti sú sama hjá samrunaaðilum. Þýður ST Holding og dótturfélög þess einkum upp á skoðunarferðir á bátum á höfuðborgarsvæðinu á meðan Arctic Adventures, í gegnum dótturfélög sín býður upp á ýmsar ferðir utan höfuðborgarsvæðisins. Bæði starfa félögin þó á íslenskum ferðapjónustumarkaði. Til að varpa ljósi á nokkrar tegundir afþreyingar í boði fyrir ferðamenn hér á landi er hér að finna upptalningu, ásamt nöfnum annarra sem bjóða umrædda afþreyingu og gróft áætluðu mati á hve stóran hluta ferðanna samrunaaðilar bjóða, með þeim fyrirvara að ekki liggja fyrir opinberar upplýsingar um heildarfjölda farþega. Ekki er um að ræða skilgreiningu markaða eða tæmandi talningu heldur lýsingu á því hvers eðlis afþreyingin er:
- a. Jöklaferðir (jöklaganga, snjósleðaferðir, íshellar o.fl. ferðir tengdar jöklum). Aðrir sem bjóða slíkar ferðir eru m.a. Fjallaleiðsögumenn, Icelandia, Tröllaferðir, Mountaineers (Skálpi), Guide To Iceland, Glacier Journey, Local Guide, Glacier Adventure, Blue Iceland, Ice Guide, SouthCoast Adventure og Ice Explorers.
 - b. Skoðunarferðir innan dagsins, s.s. gullni hringurinn, Suðurströndin, Snæfellsnes, Reykjanes, Reykjavík. Aðrir sem bjóða slíkar ferðir eru m.a. Icelandia, Grayline, Guide To Iceland, BusTravel, Reykjavik Sightseeing, Nice Travel, Tröllaferðir og fjölmargir aðrir.
 - c. Hellaferðir. Aðrir hellar en Raufarhólshellir, sem er undir yfirráðum Arctic Adventures, eru t.d. Leiðarendi, Into The Volcano, Lofthellir, Vatnshellir, Víðgemplir, Arnarker auk þess sem fjölmargir aðrir hellar eru á landinu. Aðrir ferðaskipuleggjendur sem bjóða uppá hellaferðir eru Fjallaleiðsögumenn, Icelandia, GrayLine, Discover the World, Tröllaferðir, Base Camp, Saga

Travel, Summit Guides, Adventure Vikings, Caves of Hella, Þríhnúkagígur (Inside the Volcano) og fjöldi smærri aðila.

- d. Snorkl og köfun. Víða er boðið upp á snorkl og köfun, s.s. í Silfru, Strýtu, Nesgjá og Vestmannaeyjum. Þeir sem bjóða slíkar ferðir eru til að mynda Icelandia, Strýta.is, Adventure Vikings, Trölllaferðir, Freedive, Iceland Explore og fleiri.
 - e. Hvalaskoðun. Boðið er upp á hvalaskoðun á fjölmörgum stöðum, s.s. í Reykjavík, Akureyri, Húsavík, Dalvík, Hauganesi, Grundarfirði, Ólafsfirði, Hólmavík, Ísafirði, Keflavík og víðar. Nokkrir þeirra sem bjóða upp á slíkar ferðir eru Elding, Norðursigling, Laki Tours, Gentle Giants, Salka Húsavík, Arctic Sea Tours og WhaleWatching Hauganes.
 - f. Norðurljósaferðir eru í boði um allt land. Meðal þeirra sem bjóða uppá slíkar ferðir eru Icelandia, GrayLine, Guide to Iceland, Nice Travel, Trex, Thule, G Adventures, TUI, BusTravel, Reykjavík Outventure og Exodus.
 - g. Náttúrulaugar. Víða um land eru náttúrulaugar þar sem byggð hefur verið upp aðstoða fyrir ferðamenn, s.s. í Bláa Lóninu, Jarðböðunum við Mývatn, Secret Lagoon, Fontana á Laugarvatni, Sjóböðin Húsavík, Krauma og Bjórböðin. Samrunaaðilar bjóða ekki upp á slíka afþreyingu.
 - h. Rafting er í boði m.a. í Hvítá og í Skagafirði. Meðal þeirra sem bjóða upp á slíkar ferðir eru Bakkaflöt í Skagafirði, Arctic Rafting og Viking Rafting.
 - i. Jökulsárlón. Tveir aðilar bjóða upp á siglingar á Lóninu en samrunaaðilar eru ekki starfandi þar.
 - j. Jeppaferðir. Um allt land er boðið upp á jeppaferðir. Fjölmargir stórir og smáir aðilar bjóða upp á slíkar ferðir, t.d. SouthCoast Adventure, Gravel Travel, Ísak, Icelandic í gegnum Activity Iceland og Amazing.
 - k. Auk þess eru í boði fleiri tegundir ferða eða afþreyingar innan dagsins, s.s. eins og hjá Skútusiglingum, Welcome Entertainment og Óbyggðasetri. Má þar t.d. nefna fjórhjóla/buggyferðir, Megazipline í Hveragerði, hestaferðir o.s.frv.
 - l. Þá eru ferðir sem standa í tvo daga eða lengur, bæði gönguferðir og aðrar ferðir. Fjölmargir bjóða upp á slíkar ferðir hérlendis, s.s. Nice Travel, Tröll ferðabjónusta, Snæland, Icelandia, GrayLine, BackRoads og GAdventure.
52. Samrunaaðilar telja að full staðganga sé á milli ólíkra tegunda afþreyingarferða eins og hestaferða, flúðasiglingaferða, snjósleðaferða, ferða á ýmis söfn tengd sögu og náttúru Íslands og hellaskoðunarferða, svo dæmi séu tekin. Eins og áður segir ræður oftast tilviljun ein því hvaða ferð eða ferðir ferðamenn sem hingað koma velja. Samrunaaðilar telja ekki þörf á nákvæmari markaðsskilgreiningum hér eða framkvæmd hins svokallaða SSNIP-prófs. Í ljósi þess að um takmarkaða skörun er að ræða í heildsölu og afar litlar líkur á að áhrifa gæti á markaði í samkeppnisréttarlegu tilliti virðist mega ætla að enn minni þörf sé á að skipta markaði eftir því hvort um heildsölu eða smásölu sé að ræða. Verður því ekki gerð

tilraun hér til að skilgreina markað málsins í nánari undirmarkaði en markað fyrir sölu og framkvæmd skipulagðra ferða.

53. Á sambærilegan hátt og gert er í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 51/2007, *Samruni Reynimels og Kynniferða*, telja samrunaaðilar að uppbygging og eðli þeirrar þjónustu sem felst í sölu skipulagðra ferða, hvort sem um er að ræða dagsferðir eða lengri ferðir, geti einnig leitt til þess að markaður sé metinn út frá framboðshlið hans. Samrunaaðilar benda á að fyrirtækin eru fær um að veita víðtæka þjónustu á sviði skipulagðra ferða, óháð lengd þeirra, fjölda þátttakenda eða þeirri afþreyingu sem boðið er uppá í hverri ferð fyrir sig. Telja samrunaaðilar því einnig mögulegt að meta svokallaða framboðsstaðgöngu. Framboðsstaðganga getur komið til skoðunar þar sem ferðaskipuleggjendur/ferðaskrifstofur geta oftar en ekki auðveldlega breytt söluframboði sínu og aðlagað það að stefnum og straumum. Tækin, þekkingin og annað sem þarf til reksturs ferðaskrifstofu og framkvæmd skipulagðra ferða er ekki svo sérhæfð að ekki sé auðvelt að breyta framboðinu. Þá eru aðgangshindranir litlar, sem sýnir sig best í fjölda þeirra sem bjóða slíka þjónustu, og oft þarf lágmarksfjármagn til að byrja að bjóða þjónustuna. Undir þetta er tekið í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 12/2019.
54. Að lokum skal nefnt að starfsemi samrunaaðila snýr eingöngu að ferðum á Íslandi, hvort sem er fyrir innlenda eða erlenda ferðamann (þó síðari flokkurinn myndi talsvert stærra hlutfall viðskiptavina samrunaaðila). Samrunaaðilar bjóða engar vörur eða þjónustu sem ætlaðar eru íslenskum ferðamönnum sem hyggjast ferðast frá Íslandi. Er starfsemin því bundin við Ísland, sbr. einnig umfjöllun hér á eftir um landfræðilegan markað málsins.

6.1.4 *Markaður fyrir rekstur sölutorgs fyrir skipulagðar ferðir*

55. Arctic Adventures býður upp á fjölbreytt úrval skipulagðra ferða á sölusíðu fyrirtækisins. Áður hefur félagið velt því upp hvort hugsanlega megi greina sérstakan markað fyrir rekstur nokkurs konar sölutorgs fyrir skipulagðar ferðir. Margir sem starfa á markaði fyrir sölu og framkvæmd skipulagðra ferða reka einnig sinn eigin söluvef og er í flestum tilvikum boðið upp á fjölbreytt úrval ferða, bæði ferða sem þeir aðilar framkvæma sjálfir sem og ferðir sem aðrir framkvæma. Sölutorgin, og ferðaskrifstofur þar sem það á við, eru því milligönguaðilar á milli endanotenda og aðila á markaði fyrir sölu og framkvæmd skipulagðra ferða. Yrðu því lóðrétt tengsl á milli þeirra markaða.
56. Aðilar á þessum markaði taka þóknun fyrir sölu ferða. Eins og að framan greinir er sýnileiki á sölusíðum grundvallaratriði í sölu framkvæmdaraðila á skipulögðum ferðum. Þóknun sem greiða þarf til söluaðila getur hlaupið á tugum prósent. Í einhverjum tilfellum virðist sem prósentustig þóknunar ráði því hversu ofarlega ferðin kemur upp á síðu viðkomandi og ráðið þannig möguleikum á sölu. Dæmi eru um það að milligönguaðilar hafi farið út í skipulagðar ferðir sem þeir hafa séð ganga vel og hafa þannig þau áhrif að sambærilegar vörur annarra lenda neðar á listanum. Arctic Adventures selur sínar ferðir að stærstum hluta á eigin sölusíðu en framangreindar sölusíður eru með mun stærri hlut í sölu afþreyingarferða til ferðamanna auk annarrar þjónustu fyrir ferðamenn. Erfitt er að áætla hversu margar ferðir eru seldar á hverri og einni sölusíðu.

57. Helstu fyrirtækin sem reka sölutorg fyrir skipulagðar ferðir eru netsölufyrirtæki sem selja ferðir til erlendra ferðamanna, en aðeins að litlu leyti aðra aðila sem bjóða upp á afþreyingu fyrir ferðamenn hér á landi. Mjög stór hluti afþreyingarferða fyrir ferðamenn hér á landi eru seldar í gegnum ferðaskrifstofur og stór netsölufyrirtæki, s.s. Viator, TripAdvisor, Expedia, Booking.com¹⁰, Get Your Guide og Guide To Iceland, eða svokölluð OTA (*Online Travel Agencies*). Guide to Iceland hefur talið sig vera „langstærsta markaðstorgið fyrir ferðþjónustu á Íslandi“.¹¹
58. Með vísan til framangreindrar umfjöllunar má ætla að unnt sé að greina sérstakan markað fyrir rekstur sölutorgs fyrir skipulagðar ferðir, þar sem samkeppni yfirmarkaðarins, þ.e. sölu og framkvæmd skipulagðra ferða, á sér að mestu stað. Arctic Adventures er í raun eini samrunaaðilinn sem rekur slíkt sölutorg, þó Special Tours bjóði að verulega takmörkuðu leyti upp á ferðapakka á vefsíðu sinni.¹² Mun samruninn því ekki koma til með að styrkja stöðu félagsins á þessum markaði.
59. Þá má ekki líta fram hjá samkeppnislegu aðhaldi og áhrifum OTA og fleiri aðila þar sem slík fyrirtæki eru milliliði á ferðþjónustumarkaði, þ.e. selja þjónustu við fólksflutninga, gistingu og afþreyingu sem aðrir sjá um að veita. Telja samrunaaðilar því ekki tilefni til að fjalla um þann markað frekar, auk þess sem lóðrétt samþætting á ferðþjónustufyrirtækjum er algeng, þar sem félög bæði sjá um að framkvæma ferðir og selja bæði í heildsölu og smásölu.

6.1.5 Niðurlag

60. Með vísan til alls framangreinds telja samrunaaðilar ekki þörf á að skipta markaði málsins frekar eftir því hvort um heildsölu eða smásölu sé að ræða. Öll rök hníga til þess að líta á að skilgreina þann markað sem áhrifa gætir vítt. Þá telja samrunaaðilar ekki þörf á að skipta markaðinum frekar eftir eðli sölunnar, s.s. á milli ferðaskipuleggjenda, ferðaskrifstofa eða annarra milligönguaðila, eða eftir því hvers eðlis þær ferðir eru sem seldar eru.

6.2 Landfræðilegur markaður

61. Landfræðilegur markaður telst það svæði þar sem hlutaðeigandi fyrirtæki eru viðriðin framboð og eftirspurn eftir viðkomandi vöru eða þjónustu, þar sem samkeppnisskilyrði eru nægilega lík og unnt er að greina frá nærliggjandi svæðum, einkum vegna þess að samkeppnisskilyrði eru greinilega frábrugðin á þeim svæðum.
62. Samrunaaðilar telja ekki ástæðu til að skipta mörkuðum eftir einstökum ferðum hvað varðar tiltekin landsvæði, og því sé hinn landfræðilegi markaður landið allt. Ljóst er að samrunaaðilar sinna sölu skipulagðra ferða á fjölmörgum stöðum og

¹⁰ Framkvæmdastjórn ESB hefur skilgreint Booking.com sem hliðvörð á grundvelli reglugerðar ESB nr. 2022/1925 (Digital Markets Act), sbr. einnig fréttatilkynning á vef framkvæmdastjórnarinnar: https://digital-markets-act.ec.europa.eu/commission-designates-booking-gatekeeper-and-opens-market-investigation-x-2024-05-13_en

¹¹ Sjá frétt frá árinu 2018 á vef Vísis: <http://www.visir.is/g/2018180739988>.

¹² Sjá hér: https://specialtours.is/?gad_source=1&gclid=Cj0KCOjw3ZayBhDRARIsAPWzx8oBa2Qf_bBVQwiPh5eNMLh4WFM_vjF44LVLU5mIY0BopGEDSLGgYtoUaAIN1EALw_wcB

fjölbreytilegar ferðir er að ræða víðsvegar um landið. Auðvelt er að bæta við og breyta framboði þeirra ferða sem seldar eru.

63. Er því nærtækt að líta svo á að hinn landfræðilegi markaður málsins sé að minnsta kosti Ísland allt, sbr. *ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 5/2020, Kaup Arctic Adventures hf. á eignarhlutum í Raufarhól ehf.*, en í því máli taldi eftirlitið vísbendingar vera um að landfræðilegur markaður málsins væri Ísland.

6.3 Markaðir þar sem áhrifa gætir ekki

64. Það er mat samrunaaðila að áhrifa samrunans muni aðeins gæti á markaði fyrir sölu og framkvæmd á skipulögðum ferðum. Aðrir markaðir sem samrunaaðilar starfa á verða fyrir engum marktækum áhrifum vegna samrunans, þ.m.t. markaður fyrir rekstur veitingahúss (í tilviki Reykjavík Röst Bistro ehf.) eða markaður fyrir rekstur sölutorgs fyrir ferðaþjónustu.

7 Upplýsingar um þann markaði þar sem áhrifa samrunans gætir

7.1 Markaður fyrir sölu og framkvæmd á skipulögðum ferðum

65. Viðskiptavinahópur samrunaaðila samanstendur einkum af ferðamönnum, og þá erlendum ferðamönnum í miklu meirihluta. Hagstofa heldur uppi greinargóðu yfirliti yfir neyslu í ferðaþjónustu, þ.m.t. hlutfall erlendra ferðamanna gegn innlendum ferðamönnum í útgjöldum, og miða síðustu birtu tölur við árið 2022. Það kann þó að vera að áhrifa COVID hafi enn gætt að einhverju leyti, en stöðugur uppgangur hefur verið í ferðaþjónustu frá því að áhrifum faraldursins lauk.¹³
66. Á árinu 2022 var liður erlendra ferðamanna í heildarútgjöldum ferðamanna héraðs um 61%, en samrunaaðilar vænta þess að talsvert hærra hlutfall viðskiptavina þeirra samanstendur af erlendum ferðamönnum.
67. Samrunaaðilar hafa ekki yfir að ráða nákvæmum tölum um ferðaframboð eða veltu hjá öðrum ferðaskipuleggjendum héraðs. Þá er einnig erfitt að áætla heildarstærð markaðarins með nákvæmum hætti þó ýmis tölulegar upplýsingar um veltu ferðamanna og stærð ferðaþjónustu héraðs séu aðgengilegar, þar sem slíkar upplýsingar taka ekki nákvæmt mið af mörkuðum sem skilgreindir hafa verið í samkeppnisréttarlegum skilningi.
68. Við greiningu á stöðu samrunaaðila er þannig nærtækt að líta til þess talnaefnis sem aðgengilegt er opinberlega, t.a.m. á vegum Ferðamálastofu eða Hagstofu Íslands.
69. Ferðamálastofa Íslands hefur tekið saman upplýsingar undir heitinu *Ferðaþjónusta í tölum*. Fram til ársins 2019 var um árlega samantekt að ræða en frá og með sama ári hefur Ferðamálastofa gefið út mánaðarlega samantekt á nýjustu talnaupplýsingum sem Ferðamálastofa safnar um ferðamenn og ferðaþjónustu ásamt talnagögnum frá Hagstofu Íslands.

¹³ Sjá á vef Hagstofu Íslands: https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Efnahagur/Efnahagur_thjodhagsreikningar_ferdathjonustureikningar_ferdathjonustureikningar/SAM08002.px/

70. Í síðustu útgáfu, frá febrúar 2024, kemur m.a. fram að heildarfjöldi skráðra gistinóttá á Íslandi frá febrúar 2023 til janúar 2024 voru tæplega 10 milljón gistinætur og að meðaleyðsla hvers ferðamanns á Íslandi á hverja gistinótt fyrir utan ferðakostnað milli landa hafi verið tæplega 44 þúsund krónur.¹⁴
71. Samkvæmt *Ferðapjónustureikning* Hagstofu Íslands var heildarneysla ferðamanna, innlendra og erlendra, samtals 845 milljarðar króna árið 2022.¹⁵ Samkvæmt Hagstofu Íslands skiptist neysla ferðamanna á Íslandi eftir atvinnugreinum á eftirfarandi hátt (upphæðir í milljónum króna)¹⁶:

Mynd 1: Neysla í ferðapjónustu á Íslandi eftir atvinnugreinum 2023

	Innlend neysla í ferðapjónustu, alls	Útgjöld ferðamanna, alls	- Útgjöld erlendra ferðamanna	- Útgjöld innlendra ferðamanna	Önnur neysla í ferðapjónustu, alls	- Sumarhús (tilreiknuð leiga)	- Útgjöld vinnuveitenda vegna viðskiptaferða starfsfólks
2023 Alls	845.342,7	825.798,1	502.551,0	323.247,1	19.544,5	12.045,6	7.499,0
Einkennandi atvinnugreinar í ferðapjónustu, alls	723.485,2	704.004,6	424.014,0	279.990,6	19.480,6	12.045,6	7.435,0
- Gistipjónusta	195.459,0	192.931,4	121.846,9	...	2.527,5	..	2.527,5
- Sumarhús	12.045,6	12.045,6	12.045,6	..
- Veitingapjónusta	95.004,4	94.493,2	62.630,9	...	511,2	..	511,2
- Farþegaflutningar á landi	13.164,8	12.558,6	11.798,0	...	606,2	..	606,2
- Farþegaflutningar á sjó	3.893,2	3.750,5	3.290,1	...	142,6	..	142,6
- Farþegaflutningar með flugi	138.841,1	136.024,3	92.983,2	...	2.816,8	..	2.816,8
- Leiga flutningstækja, bílaleiga og fleira	61.721,8	61.397,7	48.792,7	...	324,1	..	324,1
- Ferðaskrifstofur	154.412,9	153.906,3	61.529,3	...	506,6	..	506,6
- Menningarstarfsemi	14.874,5	14.874,5	4.694,6
- Afþreying og tómstundastarfsemi	34.068,1	34.068,1	16.448,4
Aðrar atvinnugreinar, alls	121.857,4	121.793,5	78.537,0	43.256,4	63,9	..	63,9
- Ýmis verslun	110.799,8	110.799,8	72.440,1	38.359,7
- Önnur þjónusta	11.057,6	10.993,7	6.096,9	4.896,8	63,9	..	63,9

72. Sé velta samrunaaðila sett í samhengi við samanlagða neyslu innlendra og erlendra ferðamanna í flokknum *ferðaskrifstofur* kemur í ljós að samrunaaðilar njóta mjög takmarkaðrar markaðshlutdeildar, eða um [...] ¹⁷. Það skal athugað að

¹⁴ Sjá á vef Ferðamálastofu: <https://www.ferdamalastofa.is/static/files/ferdamalastofa/talnaefni/ferdajonusta-i-tolum/2024/feb/februar-2024.pdf>. Eldri útgáfur eru aðgengilegar hér: <https://www.ferdamalastofa.is/is/goqn/ferdajonusta-i-tolum#2023>

¹⁵ Sjá á vef Hagstofu Íslands: <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/thjodhagsreikningar/ferdathjonustureikningar-2022/>

¹⁶ Sjá á vef Hagstofu Íslands: https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Efnahagur/Efnahagur_thjodhagsreikningar_ferdathjonustureikningar_ferdathjonustureikningar/SAM08002.px/table/tableViewLayout2/

¹⁷ TRÚNAÐARMÁL

Þessi áætlun kann að vera ónákvæm þar sem ekki liggur fyrri með nákvæmum hætti á hverju Hagstofa byggir ferðaþjónustureikninginn. Verður þó jafnframt að hafa í huga að heildarvelta flokksins verður að teljast vanmetin þar sem aðeins eru taldar greiðslur sem innheimtar eru í gegnum íslenska færsluhirða og teljast því t.d. pakkaferðir frá erlendum ferðaskrifstofum og erlendar bókunarsíður ekki með.

73. Þá hafa samrunaaðilar ekki yfirlit yfir fjölda sölustaða ferðaþjónustu eða ferðamannastaða svo hægt sé að áætla hlutfall samrunaaðila af heildarframboði markaðarins. Það skal þó athuga að nær óteljandi möguleikar eru í boði fyrir ferðamenn. Sé til dæmis leitað eftir afþreyingu fyrir ferðamenn í Reykjavík á vef Booking.com koma 683 niðurstöður. Er þar aðeins um brot af markaðnum að ræða. Þó þessi nálgun sé ekki nákvæm, sýnir hún það allverulega framboð sem stendur frammi fyrir ferðamönnum sem hingað koma til lands í leit af afþreyingu.
74. Í fjárhagsgreiningu ferðaþjónustunnar, sem tekin var saman af KPMG fyrir Ferðamálastofu, kemur eftirfarandi fram¹⁸:

Mynd 2: Tekjuáætlun í ferðaþjónustu, fjárhagsgreining Ferðamálastofu



Áætlanir um tekjur eru unnar með mismunandi forsendum eftir einkennandi greinum ferðaþjónustunnar:

Flokkur		Tekjur (ma.kr.)					Áætluð breyting 2021 - 2022	Áætluð breyting 2019 - 2022
Afþreying		62	66	22	42	87	110%	33%
		2018	2019	2020	2021	2022		
Bilaleigur		34	33	15	30	51	70%	55%
		2018	2019	2020	2021	2022		
Ferðaskrifstofur		50	52	10	22	47	116%	(8%)
		2018	2019	2020	2021	2022		
Gististaðir		87	84	30	49	97	100%	16%
		2018	2019	2020	2021	2022		
Hópförðir		31	31	15	19	24	27%	(23%)
		2018	2019	2020	2021	2022		
Veitingarekstur		86	85	60	76	102	34%	20%
		2018	2019	2020	2021	2022		

Heimild: Creditinfo, Ferðamálastofa og greining KPMG.

75. Þarna kemur fram að tekjur af afþreyingu árið 2022 hafi verið um 87 ma. kr. vegna afþreyingar, 24 ma. kr. vegna hópförða og að rekja mætti um 47 ma. kr. til starfsemi ferðaskrifstofa. Sé heildarvelta samrunaaðila tekin saman (sem inniheldur m.a. veltu vegna rekstur veitingastaðar o.fl.) og borin saman við einungis tekjur af innlendri afþreyingu, er markaðshlutdeild samrunaaðila áætluð á bilinu [...] ¹⁹, en lægri ef fleiri flokkar eru teknir með í myndina.
76. Sama með hvaða hætti markaðshlutdeild er reiknuð er telja samrunaaðilar ljóst að sameiginleg markaðshlutdeild þeirra geti aldrei talist slík að hið sameinaða félag komist í markaðsráðandi stöðu, hún sé að styrkjast eða að samruninn leiði til þess að samruninn raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti. Þá telja

¹⁸ Sjá hér: <https://www.ferdamalastofa.is/static/files/ferdamalastofa/Fundir/fjarhagsgreining2022>

¹⁹ TRÚNAÐARMÁL

samrunaaðilar sömuleiðis að skilyrði fyrir styttri samrunatilkynningu séu uppfyllt með sömu rökum.

8 Samkeppnisleg áhrif samrunans

77. Samrunaaðilar telja að áhrif samrunans séu takmörkuð. Samruninn kemur ekki til með að skapa eða styrkja markaðsráðandi stöðu og er það mat samrunaaðila að samruninn komi ekki til með að raska samkeppni með öðrum hætti.
78. Samruninn kemur til með að hafa þau áhrif að framboð Arctic Adventures á skipulögðum ferðum mun breikka og hagkvæmni mun aukast við sölu ferða til ferðamanna. Markaðshlutdeild mun breytast óverulega sé litið til markaðanna í heild.
79. Samrunaaðilar telja þannig ljóst að fyrirhugaður samruni muni ekki að nokkru leyti raska samkeppni og hann muni ekki leiða til þess að markaðsráðandi staða stofnist né að slík staða styrkist. Samrunaaðilar telja áhrif samrunans á samkeppni á markaði þvert á móti vera jákvæð í samkeppnislegu tilliti með vísan til markmiðs samrunans, sem er, eins og áður hefur verið bent á, að skapa aukið hagræði sem mun að öllum líkindum koma til með að skila sér til neytenda.
80. Með vísan til framangreind telja samrunaaðilar að engin rök mæli með því að lagaskilyrði standi í vegi fyrir samrunanum eða að þörf sé á íhlutun vegna hans.

9 Áhrif á neytendur og milliliði

81. Samrunaaðilar telja að samruninn geti haft jákvæð áhrif í för með sér fyrir neytendur til bæði skemmri og lengri tíma. [...] ²⁰

10 Fylgiskjöl

82. Með samrunaskrá þessari fylgja eftirfarandi skjöl:

Fskj.	Efni
1	Kaupsamningur, dags. 31. maí 2024
2	Ársreikningur ST Holding ehf. fyrir 2023
3	Samstæðureikningur ST Holding ehf. fyrir 2023
4	Ársreikningur Special Tours ehf. fyrir 2023
5	Ársreikningur Lundey ehf. – náttúruferðir fyrir 2023
6	Ársreikningur Reykjavík Röst Bistro ehf. fyrir 2023
7	Ársreikningur Reykjavík Sailors ehf. fyrir 2023
8	Ársreikningur Whales of Iceland ehf fyrir 2023
9	Ársreikningur Arctic Adventures hf. fyrir 2023
10	Samstæðureikningur Arctic Adventures hf. fyrir 2023
11	Ársreikningur Adventure Hotels ehf. fyrir 2023
12	Ársreikningur Arctic Adventures Services fyrir 2023
13	Ársreikningur Arctic Circle Hotels ehf. fyrir 2023

²⁰ TRÚNAÐARMÁL

14	Ársreikningur Arctic K2 ehf. fyrir 2023
15	Ársreikningur Arctic Properties ehf. fyrir 2023
16	Ársreikningur Arctic rekstur ehf. fyrir 2023
17	Ársreikningur Fjallkirkjan ehf. fyrir 2023
18	Ársreikningur Into the glacier ehf. fyrir 2023
19	Ársreikningur JJ34 ehf. fyrir 2023
20	Ársreikningur Kerfélagið ehf. fyrir 2023
21	Ársreikningur Magmadive ehf. fyrir 2023
22	Ársreikningur Óbyggðasetur ehf. fyrir 2023
23	Ársreikningur Raufarhóll ehf. fyrir 2023
24	Ársreikningur Sporaslóð ehf. fyrir 2023
25	Ársreikningur Viking Car Rental ehf. fyrir 2023
26	Ársreikningur Straumhvarf ehf. fyrir 2023
27	Sundurliðun á sölu/veltu
28	Fjárfestakynning
29	Kynning fyrir stjórn Arctic Adventures
30	Fundargerðir stjórnar Arctic Adventures

Virðingarfyllst,

LOGOS lögmannsþjónusta

Vilhjálmur Herrera Þórisson, lögmaður

[Undirritun á umboð til handa ofangreindum og yfirlýsing á næstu blaðsíðu]

VIÐAUKI 1

YFIRLÝSING OG UNDIRRITUN FYRIRSVARSADILA

Fyrirvarsmaður Arctic Adventures hf. lýsir því yfir að upplýsingar, sem veittar eru í tilkynningu þessari, séu sannar, réttar og fullnægjandi samkvæmt bestu vitund, að óstýtt afrit af skjölum, sem krafist er í skránni, fylgja með, að allt mat er tilgreint sem slíkt og sett fram samkvæmt bestu vitund og vitneskju um staðreyndir málsins og þar sem álit er látið í ljós er það gert í góðri trú. Forsvarsmenn félaganna hafa kynnt sér ákvæði 41. gr. b samkeppnislaga.

Þá veitir félagið Vilhjálmí Herrera Þórisssyni, lögmanni hjá LOGOS lögmannsþjónustu, og hverjum þeim sem hann kann að setja í sinn stað innan stofunnar, umboð til að koma fram fyrir hönd samrunaaðila gagnvart Samkeppniseftirlitinu við meðferð þess samrunamáls sem um er fjallað í samrunaskrá þessari.

F.h. Arctic Adventures hf.

Jóhann Ásgeir Baldurs